



Fundargerð

168. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, þriðjudaginn 7. september 2021, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Bjarki Guðnason, Kristbjörg Hilmarsdóttir, Bergur Kristinn Guðnason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Björk Jónsdóttir, Margrét Ólafsdóttir og Ólafur Elvar Júlíusson.

Fundargerð ritaði: Ólafur Júlíusson, .

1. Virkjun í Hverfisfljóti - 1710004

Aðalskipulagsbreyting var auglýst frá og með 20.mái til og með 1.júlí skv 1.mgr. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt var auglýst deiliskipulagstillaga skv. 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða voru auglýstar athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 28.apríl 2021.

Veittur var frestur til að skila inn athugasemdum til 26.júlí 2021 vegna sumarleyfa. Alls bárust 8 athugasemdir sem og umsagnir frá Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands og Fiskistofu. Jafnframt lagðar fram upplýsingar frá RARIK, Landsneti og Orkustofnun varðandi orkupörf, dreifikerfi, afhendingaröryggi m.m.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og kallar eftir skýrari greinargerð með deiliskipulagi, upprætti sem sýnir haugsetningu efnis, mótvægisáðgerðum framkvæmdaáðila og lögfræðiálit á auglýsingu skipulags. Einnig vantar rökstuðning sveitarstjórnar fyrir því að fara gegn umsögn Skipulagsstofnunar.

JBj og KH þakka innsendar umsagnir og athugasemdir og benda enn og aftur á að með Hnútuvirkjun er varanleg mikil röskun á landi og hefur veruleg neikvæð umhverfisáhrif eins og fram kemur í umsögnum Skipulagsstofnunar og annarra fagstofnana auk einstaklinga og félagasamtaka. Þarna er gljúfur að verða til eftir mikið náttúruundur við hlið Skaftáreldahrauns með sérstakt jarðsögulegt gildi og stendur til að raska hvoru tveggja. Rök sveitarfélagsins um að virkjunin tryggi afhendingaröryggi stenst ekki þar sem að virkjunin verður jafnvel ekki hæf til eyjareksturs enda allir samningar við dreifingaraðila óunnir. Á tíu ára áætlun Landsnets er að tengivirki á Prestsbakka verða endurnýjuð og við það mun tengivirki vera með fullt N mínus 1 öryggi, þ.e. að ef önnur línan fer út þá helst hin línan inni en slíkt á ekki við í dag. Nær væri að hvetja til þess að þessari endurbót verði flýtt frekar en að förna ómetanlegri náttúru svæðisins eins og margoft hefur verið bent á.

2. Klausturvegur 4 - dsk skólalóðar - 2010007

Nýtt deiliskipulag fyrir Klausturveg 4 er um 4,7 ha en deiliskipulagið gerir m.a. ráð fyrir viðbyggingum við skóla, nýjum leikskóla sem verður sambyggður skóla með tengibyggingu og Errósetri í framhaldi af þekkingarsetri.

Deiliskipulagið var auglýst frá og með 16.júní til og með 30.júlí 2021. 4 umsagnir og 4 athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins og leggur til að skipulagssvæðið verði stækkað sem



nemur landi milli Klausturvegar og Skaftár. Með því náum við utanum sambúð skóla, íþróttar, menningar og lista. Svæðið verði hjarta samfélagsins. Hugað verði vel að aðkomu að svæðinu, tengingu skóla- og íþróttamannvirkja auk samspils þekkingar-, menningarseturs og skólustarfssemi, samfélaginu öllu til framdráttar. Skipulagsnefnd leggur til að skipulagið verði unnið í góðu samráði og nýrra hugmynda verði leitað sem víðast.

3. Mörtunga 1 - Umsókn um niðurrif - 2109001

Jóna Björk Jónsdóttir kt. 011165-5619 sækir um heimild til að rífa Mhl 05,11, 14,19,21 og 23 skv. meðfylgjandi gögnum. Veðbókarvottorð lagt fram.

JBj vikur af fundi.

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki meðeigenda jarðarinnar"

4. F550 - umsókn um stofnun landeignar úr Núpstað L163416 - 2109003

Hannes Jónsson sækir um heimild til að stofna lóð úr landi Núpstaðar L163416 skv meðfylgjandi gögnum.

JBj kemur aftur til fundarins.

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið"

5. F550 - umsókn um stofnun landeignar úr landi Sléttu L163443 - 2109004

Páll og Elín Elíasarborn sækja um að stofna lóð úr landi Sléttu L 163443 skv. meðfylgjandi gögnum.

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið"

6. Skriðuvellir 17 - lóðarumsókn - 2109006

Digriklettur ehf. sækir um lóðina Skriðuvellir 17 fyrir fjölbýlishús. Umsóknin samræmist ekki deiliskipulagi.

"Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna endurskoðað deiliskipulag þar sem lóðinni að Skriðuvöllum 17 verði breytt úr einbýlishúsalóð í 2-3ja íbúða fjölbýli."

7. Skriðuvellir 19 - Lóðarumsókn - 2109007

Digriklettur ehf sækir um lóðina Skriðuvellir 19 fyrir fjölbýlishús. Umsóknin samræmist ekki deiliskipulagi.

"Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna endurskoðað deiliskipulag þar sem lóðinni að Skriðuvöllum 19 verði breytt úr einbýlishúsalóð í 2-3ja íbúða fjölbýli."

8. Skriðuvellir 2-6 - Fyrirspurn - 2109008

Nýjatún ehf leggur fram fyrstu drög af grunnmynd fyrir raðhúsið Skriðuvelli 2-6. Gerir tillagan ráð fyrir 4 íbúðum í stað 3ja skv. deiliskipulagi. Óskað er umsagnar skipulagsnefndar.

"Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið"



9. Orustustaðir - Teikningar til umsagnar - 2105008

Friðrik Friðriksson fh. Hreiðar Hermannssonar leggur fyrir skipulagsnefnd teikningar til umsagnar

"Skipulagsnefnd bendir á að fyrirhugaðar framkvæmdir eru deiliskipulagsskildar."

10. Hemrumörk: Deiliskipulag - 1608006

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir heimild til að endurauglýsa deiliskipulag fyrir Hemrumörk

"Skipulagsnefnd veitir skipulags- og byggingarfulltrúa heimild til að endurauglýsa deiliskipulag fyrir Hemrumörk skv. 41.gr. skipulagslaga 123/2010"

11. Stöðuleyfi - Vinnubúðir Hverfisfljót - 2108001

ÞG Verk ehf. kt. 581198-2569 sækja um stöðuleyfi til 1 árs við Hverfisfljót fyrir vinnubúðir.

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki landeiganda."

12. Stöðuleyfi - Vinnubúðir Núpsvötn - 2108002

ÞG Verk ehf. óskar eftir stöðuleyfi til 1 árs við Núpsvötn fyrir vinnubúðir skv. mefylgjandi gögnum.

"Skipulagsnefnd samþykkir erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu."

13. Grímsstaðir - samskipti við Ríkiseignir - 2109002

Samskipti Sigursveins Guðjónssonar og Ríkieigna vegna lands undir vindorkugarð að Grímsstöðum í Meðallandi. Til kynningar

14. Skriðuvellir 23 - Lóðarumsókn - 2109005

Byggðaból ehf sækir um lóðina Skriðuvellir 23.
Umsóknin samræmist deiliskipulagi.
Til kynningar.

15. Endurskoðun Aðalskipulags - 1904001

Fundargerð 13.fundar vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags 2020-2032 til kynningar.

16. Endurskoðun Aðalskipulags - 1904001

Fundargerð 14.fundar vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags 2020-2032 til kynningar.

17. Svífandi stígar - 2109009

Svífandi stígar. Til kynningar.



Fundi slitið kl. 18:00.

Jón Hrafn Karlsson

Bjarki Guðnason

Kristbjörg Hilmarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir